



Sterk kortavelta, lituð af aðstæðum

Í september jókst kortavelta Íslendinga mest í raf- og heimilistækjaverslunum. Kortavelta innanlands er nokkuð sterk, en þó lituð af samkomu- og ferðatakmörkunum. Heimilin virðast ekki eyða um efni fram.

Við greindum frá því á dögunum að kortavelta Íslendinga [jókst talsvert innanlands](#) í september þrátt fyrir að þriðja bylgja faraldursins hafi byrjað að gera vart við sig. Rannsóknarsetur verslunarinnar (RSV) birti síðan sundurliðun á kortaveltunni eftir útgjaldaliðum og þá sést að neyslan virðist lituð af færri samkomum og auknum tíma heima við.

Aukinn tími heima breytir neyslubörfum

Meiru var eytt í raf- og heimilistækjaverslunum í september í ár, samanborið við september í fyrra. Mörg heimili hafa þurft að koma sér upp vinnuáðstöðu og gæti það skýrt hluta aukningarinnar. Velta jókst einnig talsvert í byggingarvöruverslunum og verslunum með heimilishúnað, auk áfengisverslana.


Íslendingar keyptu talsvert meira af fötum í september í ár en í september í fyrra, og mælist aukningin meiri en á fyrri mánuðum frá því að faraldurinn hófst. Fækkun utanlandsferða gæti hafa ýtt undir aukin fatakaup fólks hér á landi fyrir haustið.

Minna var eytt á veitingastöðum, í eldsneyti, í menningar- og tómstundastarfsemi auk ferðalaga í september í ár samanborið við september í fyrra. Þetta er líklega bein afleiðing af samkomutakmörkunum og sóttvarnaraðgerðum vegna faraldursins.

Sveiflur í neyslu fylgja sóttvarnaraðgerðum


Miklar sveiflur hafa verið innan einstakra útgjaldaliða frá því að veirufaraldurinn hófst, sem rekja má til þeirra sóttvarnaraðgerða sem eru í gildi hverju sinni. Kortavelta jókst til að mynda verulega á snyrtistofum í maí, eða um 77% milli ára að raunvirði, þegar þær gátu loks opnað á ný eftir að hafa verið gert að loka. Gera má ráð fyrir viðlíka aukningu, í það minnsta á höfuðborgarsvæðinu,

Kortavelta eftir útgjaldaliðum í september



Samanburður við veltu septembermánaðar í fyrra. Velta raunvirt með viðeigandi undirlíð VNV.
Heimild: RSV, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Þróun frá upphaf Covid-19-faraldursins



Velta raunvirt með viðeigandi undirlíð VNV.
Heimild: RSV, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




Þegar þær stofur sem þurftu að loka í október fá að opna á ný.

Innlán og sparnaður aukast

Heimilin virðast spara meira nú en áður. Á velti- og óbundnum innlánsreikningum liggja nú mun hærri fjárhæðir en á sama tíma í fyrra, og hefur munurinn aukist frá því að faraldurinn braust út. Í september 2020 voru um 600 ma.kr á innlánsreikningum heimilanna sem er 90 mö.kr. aukning frá september fyrir ári síðan. Þetta jafngildir 18% aukningu sé litið til breytingar milli ára á verðlagi hvers tíma, og 13% sé horft til breytingar miðað við fast verðlag.

Sumir gætu verið að fresta neyslu, t.d. að spara fyrir utanlandsferðum sem farið verður í þegar faraldrinum linnir, aðrir gætu verið að koma sér upp varúðarsjóði meðan að óvissan er sem mest í efnahags- og atvinnulífinu. Það er í það minnsta ljóst að fólk virðist almennt ekki vera að eyða um efni fram eins og staðan er í dag.

Í nýútgefni [þjóðhags- og verðbólguþá](#) gerum við ráð fyrir því að einkaneysla muni dragast saman um 5,5% í ár vegna áhrifa faraldursins á neysluvilja og -getu fólks. Smám saman mun svo neyslan aukast á næstu árum þegar dregur úr óvissu.



Velti- og óbundin innlán.

Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.